

AUGLÝSING um breytingu á gjaldskrá Vatnsveitu Hveragerðis, nr. 118/2011.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

3. gr.

Hveragerðisbær innheimtir vatnsgjald af öllum fasteignum í Hveragerði, sem tengdar eru eða munu tengjast Vatnsveitu Hveragerðis sbr. 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Vatnsgjaldið, ásamt öðrum tekjum vatnsveitunnar stendur undir rekstri hennar.

Árlegt vatnsgjald í Hveragerði er 0,14% af fasteignamati fasteigna í A-flokki.

Árlegt vatnsgjald í Hveragerði er 0,18% af fasteignamati fasteigna í B- og C-flokki.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

4. gr.

Hveragerðisbær innheimtir notkunargjald fyrir vatn sem er notað til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegra heimilisþarfa, sbr. 7. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Notkunargjaldið er miðað við notkun mælda í rúmmetrum.

Notkunargjald í Hveragerði frá og með 1. janúar 2013 er kr. 10 pr. rúmmetra vatns.

Greiðendur aukavatnsgjalds skulu auk þess greiða leigu sem innheimt er árlega vegna notkunar-mæla. Mælaleiga fyrir árið 2013 er:

Mælar minni en 50 mm, kr. 6.750.

Mælar stærri en 50 mm, kr. 13.500.

3. gr.

Breyting á gjaldskrá þessari er sett í samræmi við lög um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 32/2004 og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 401/2005 og öðlast þegar gildi.

Þannig samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 13. desember 2012.

Hveragerði, 14. desember 2012.

Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 8. janúar 2013